

CUSPAR skeyti sent með SMT-samskiptum (EDI) frá tolli við tollafgreiðslu vörusendingar vegna innflutnings eða útflutnings til farmflytjanda og flutningsmiðlara

Dæmi um EDI-skeyti, CUSPAR skeyti. Skeytið er sent frá tolli til farmflytjanda eða til annars vörsluhafa vörusendinga, t.d. flutningsmiðlara, vegna innflutnings eða útflutnings. Afhendingarheimild vegna innflutnings er tilkynning um að varan sé tollafgreidd og afhenda megi innflytjanda vöruna. Útflutningsheimild er tilkynning um að varan sé tollafgreidd og flytja megi vöruna út. Skeytið er einnig notað ef tollafgreiðsla er dregin til baka og veittar heimildir eru afturkallaðar hjá tolli. CUSPAR skeytið er hluti af CUSRES staðlinum, útgáfa D96A, sem tekur við af eldri staðli á árinu 1999, sem ekki er 2000 árs hæfur. CUSRES staðallinn er hluti af UN-EDIFACT stöðlum Sameinuðu þjóðanna.

Skeytið er sent úr Tollakerfi, tölvukerfi tollafgreiðslu, hjá tollinum um leið og vörusending er SMT-tollafgreidd. Um leið og CUSPAR skeyti er sent við SMT-tollafgreiðslu er innflytjanda sent CUSTAR skeyti, skuldfærslutilkynning, sem inniheldur upplýsingar um álögð skuldfærð aðflutningsgjöld og gefur jafnframt til kynna að vörusending sé tollafgreidd. CUSPAR skeyti er einnig sent þegar tollafgreiðsla fer fram með tollskýrslu á pappír, en þá er skeytið sent um leið og vörusending fær tollafgreiðslu, þ.e. þegar greiðslukvittun fyrir aðflutningsgjöld og afhendingarheimild er prentuð út eða sambærileg skjöl vegna útflutnings eru prentuð út hjá gjaldkera viðkomandi tollstjóra.

Dæmi (afhendingarheimild veitt vegna innflutnings):

1. UNB+UNOA:1+6501881019+5902697199+990216:1048+1238328+++++1'
2. UNH+99021610452121+CUSRES:D:96A:UN'
3. BGM+964+F61615029CHBSL1011/99S0000008+9'
4. NAD+IM+1411554079::ZZZ'
5. NAD+AE+6502447789::ZZZ'
6. LOC+41+REYTS::159'
7. DTM+137:19990216:102'
8. DTM+58:19990216104520:204'
9. GIS+23::159'
10. GIS+4::159'
11. PAC+18++CLL'
12. RFF+ERN:99URBNI8634569'
13. RFF+AWB:10842548753'
14. UNT+13+99021610452121'
15. UNZ+1+1238328'

Þegar skeytið er afturköllun á áður veittri heimild breytast liðir 8 og 10, sbr. skýringar.

(Sjá skýringar á næstu síðu)

Skýringar við dæmið með vísan til númera á liðum í dæminu:

1. Upphaf EDI-skeytapakka.
Kennitala sendanda (6501881019). Hér er alltaf kt. ríkistollstjóra.
Kennitala móttakanda (5902697199), þ.e. viðkomandi farmflytjanda eða miðlara, sem er vörsluhafi vörusendingar.
Dagsetning og tími og síðan númer úr EDI-þýðanda (1238328), sem síðan er endurtekið í UNZ í lið 15.
Aftast er merking, sem gefur til kynna að um prófunarskeyti sé að ræða (+++++1).
Notað meðan á prófunum stendur á skeytasendingum.
2. Upphaf EDI-skeytis. Númer eða tímastimpill úr EDI-þýðanda (99021610452121), sem síðan er endurtekið í UNT í lið 14. Síðan koma upplýsingar um útgáfu CUSRES staðals.
3. Kóðinn (964) merkir að hér sé um CUSPAR skeyti að ræða í CUSRES staðlinum.
Sendingarnúmer vörusendingar, sbr. farmskrá vörusendingar og reitur 9 í aðflutnings-skýrslu E1 (F61615029CHBSL1011).
Fyrir aftan skástrik er svonefnt geymslunúmer (99S0000008), sem er einkvæmt tilvísunarnúmer aðflutningsskýrslu í Tollakerfi per tollafgreiðslustað tollsins, sbr. kóða tollafgreiðslustaðar í lið 6. Alltaf 10 stafa númer. Geymslunúmer verður til í Tollakerfi um leið og aðflutningsskýrsla er samþykkt í kerfinu. S í geymslunúmeri merkir að vörusending hafi verið SMT-tollafgreidd.
4. Kennitala innflytjanda (IM kóði), sbr. kt. innflytjanda í aðflutningsskýrslu.
5. Kennitala miðlara (AE kóði). Þessi liður er aðeins í CUSPAR skeyti ef miðlari annast tollafgreiðslu vörusendingar fyrir innflytjanda. Allar aðflutningsskýrslur frá miðlurum innihalda bæði kt. innflytjanda og kt. miðlarans.
6. Kóði tollafgreiðslustaðar (REYTS) þar sem varan var tollafgreidd. Hver kóði stendur fyrir tiltekinn tollstjóra (tollumdæmi), þ.e. tollstjórann í Reykjavík eða viðkomandi sýslumann utan Reykjavíkur. Meðan á EDI prófunum stendur er notaður kóðinn REYRS (Ríkistollstjóri) og PRVPS ef um póstsendingu er að ræða.
7. Dagsetning skeytis. Þessi liður er í öllum CUSRES-skeytum, svarskeytum tollsins.
8. Dagsetning og tími tollafgreiðslunnar, nefnt afgreiðslunúmer, kóði (58), þ.e. tíminn þegar vörusending er tollafgreidd í Tollakerfi: (19990216104520) ÖÖÁÁMMDDKMMSS. Þegar skeytið er afturköllun á áður veittri heimild þá er notaður kóði (97), sem er þá dags og tími þegar tollafgreiðsla er dregin til baka hjá tolli.
9. Kóðinn 23 merkir innflutningur. Þessi liður er í öllum CUSRES-skeytum, svarskeytum tollsins, til þess að aðgreina svarskeyti vegna innflutnings frá svarskeytum vegna útflutnings; kóði 22.
10. Kóðinn 4 merkir að vörusending sé tollafgreidd og farmflytjanda/miðlara sé veitt afhendingarheimild. Hér kemur kóði 7 í stað 4 ef um afturköllun á áður veittri afhendingarheimild væri að ræða.

11. Stykkjatala umbúðaeininga (18) og kódi tegundar umbúða (CLL). Sótt úr farmskrá Tollakerfis, sem geymir farmskrár frá farmflytjendum og miðlurum.
12. Hér er “Tilvísunarnúmer SMT-leyfishafa” fyrir viðkomandi SMT-aðflutningsskýrslu, þ.e. þeirra innflytjenda eða miðlara sem hafa heimild til SMT-tollafgreiðslu. Þetta númer er sótt úr SMT-aðflutningsskýrslunni, sem kom frá viðkomandi innflytjanda eða miðlara ef það var miðlari sem sendi SMT-aðflutningsskýrsluna. Þetta númer er einnig í CUSTAR skeyti, skuldfærslutilkynningu, sem sent er innflytjanda eða e.a. miðlara um leið og CUSPAR skeyti er sent. Þessi liður inniheldur aðeins tilvísunarnúmer ef vörusending er SMT-tollafgreidd. Ef um er að ræða pappírstollafgreiðslu þá er liðurinn þannig: RFF+ERN'
13. Farmskrárnúmer / farmbréfsnúmer úr farmskrá vörusendingar í Tollakerfi.
14. Lok EDI-skeytis. Fjöldi liða í skeyti (13) talið frá og með UNH til og með UNT. Síðan kemur númerið í UNH liðnum; lið 2.
15. Lok EDI-skeytapakka. Hér kemur fyrst númer (1), sem gefur til kynna fjölda EDI-skeyta í skeytapakka. Síðan kemur númerið sem er aftast í UNB liðnum; lið 1.